

**Áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar
um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
ásamt aðgerðaráætlun**

1. gr.

Markmið og umfang

Áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla byggir á *lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008*. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar nær til hlutverks sveitarfélagsins sem stjórnvalds, vinnuveitanda og þjónustuaðila. Í aðgerðaráætluninni koma fram aðgerðir sem sveitarfélagið framkvæmir til að ná markmiðum jafnréttisáætlunar.

2. gr.

Jafnréttisnefnd

Velferðarráð Bolungarvíkurkaupstaðar fer með störf jafnréttisnefndar sveitarfélagsins í samræmi við 12. gr. *laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008*.

Bolungarvíkurkaupstaður sem stjórnvald

3. gr.

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir

Við skipun í nefndir, ráð, stjórnir og starfshópa á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar skal gæta þess að hlutföll kynjanna séu sem jöfnust og leitast við að það sé ekki undir 40% þegar um fleiri en 3 fulltrúa er að ræða. Leitast skal við að kynjahlutfall við formennsku í nefndum og ráðum á vegum sveitafélagsins og stofnanna þess sé ekki undir 40%.

4. gr.

Stefnumótun og áætlunargerð

Við stefnumótun og áætlunargerð á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar skal þess gætt að sjónarhorn kynjajafnréttis sé haft að leiðarljósi.

Bolungarvíkurkaupstaður sem vinnuveitandi

5. gr.

Laun og önnur réttindi

Konum og körlum sem vinna hjá Bolungarvíkurkaupstað skulu greidd sömu laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Karlar og konur sem starfa hjá Bolungarvíkurkaupstað skulu njóta sömu möguleika til símenntunar, m.a. að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi.

6. gr.

Jafnlaunavottun

Bolungarvíkurkaupstaður sem vinnuveitandi skal innleiða jafnlaunastaðalinn ÍST 85 samkvæmt 19. gr. jafnréttislaga. Sveitafélagið skal fá faggiltan vottunaraðila til að meta hvort skilyrði staðalsins hafi verið uppfyllt og veita sveitafélaginu jafnlaunavottun samkvæmt reglugerð nr. 1030/2017 eigi síðar en 31. desember 2021. Jafnlaunavottunin skal endurnýja á þriggja ára fresti.

7. gr.

Laus störf og ráðningar

Laus störf hjá Bolungarvíkurkaupstað skulu standa opin jafnt konum og körlum. Við ráðningar í laus störf skal vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan stofnunnar. Það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að jafnaði ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjendur eru jafnhæfir.

8. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Bolungarvíkurkaupstaðar leitast við að skapa starfsfólki sínu, bæði konum og körlum, aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Þar með talið er sveigjanleiki í skipulagningu á vinnutíma þar sem bæði er tekið tillit til fjölskylduaðstæðna og þarfa starfsins og að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingarorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

9. gr.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Kynbundin og kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Bolungarvíkurkaupstaðar. Vísað er í 2. gr. laga *um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna* um skilgreiningu á kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi, í samráði við forstöðumann eða aðra yfirmenn stjórnarsýslunnar eftir atvikum, tafarlaust binda endi á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Bolungarvíkurkaupstaður, yfirmenn stofnana bæjarins og forsvarsmenn félagasamtaka í Bolungarvík skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum með vísan til 22. gr. í jafnréttislögum.

Jafnframt er vísað til 2. gr. jafnréttislaga þar sem kemur fram skilgreining á kynbundnu ofbeldi: „Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.“

Bolungarvíkurkaupstaður sem þjónustuveitandi

10. gr.

Leik- og grunnskóli

Leik- og grunnskólar Bolungarvíkurkaupstaðar hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi sínu. Í því skyni skulu skólarnir leggja áherslu á eftirfarandi:

- Að námsefni mismuni ekki eftir kynjum
- Að í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.
- Að sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins.
- Að búa bæði kynin jafnt undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu og atvinnulífs.
- Að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar og kynferðislegrar áreitni.

11. gr.

Íþrótta- og æskulýðsmál

Í íþrótta- og æskulýðsstarfi á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar skulu jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi. Einnig skulu bæjaryfirvöld gera sömu kröfur til aðila sem njóta styrkja eða aðstöðu bæjarins í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Í því skyni skal lögð áhersla á eftirfarandi:

- Að íþrótta-, félags- og tómstundastarf sé skipulagt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.
- Að kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar.
- Að tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Bolungarvíkurkaupstaður lætur í té gæti jafnréttis kynja í hvívetna.
- Kanna þarf brottfall unglunga eftir kynjum úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur.
- Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

12. gr.

Gildistími og endurskoðun

Áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ásamt aðgerðaráætlun skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Áætlunin skal kynnt öllum bæjarbúum.

Þessi áætlun var samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur 11. febrúar 2020.

AÐGERÐARÁÆTLUN

Í aðgerðaráætlun er vísað í einstakar greinar Áætlunar Bolungarvíkurkaupstaðar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Aðgerð	Grein nr.	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Sent bréf til framboða til bæjarstjórnar til að vekja athygli á jafnréttissjónarmiðum við val á fulltrúum til starfa í nefndum	3 gr.	Velferðarráð	Í aðdraganda sveitastjórnarkosninga
Kynningarfundur um jafnréttisáætlun með forstöðumönnum	4.gr	Velferðarráð	Í upphafi hvers kjörtímabils
Innleiðing jafnlaunastaðals og jafnlaunavottun frá löggiltum vottunaðaraðila	6. gr	Bæjarráð	Fyrir lok árs 2021 og á endunnýjun á vottun á þriggja ára fresti
Starfsauglýsingar frá sveitarfélaginu settar fram með jafnréttissjónarmið í huga	7. gr	Forstöðumenn	Við birtingu auglýsinga
Könnun meðal alls starfsfólks sveitarfélagsins þar sem spurt er um þætti sem fjallað er um í 7 og 8 gr.	8. og 9. gr	Velferðarráð	Einu sinni á kjörtímabili
Leik- og grunnskóli skili árlega skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi skólanna sem snýr að jafnréttisáherslum.	10. gr.	Fræðslumála- og æskulýðsráð	Í maí ár hvert
Skýrsla frá umsækjendum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsmála þar sem gerð er grein fyrir þátttöku kynjanna í starfinu	11. gr.	Bæjarráð	Óskað eftir árlega í tengslum við umsókn um styrki
Jafnréttisáætlunin ásamt aðgerðaráætlun send út á hvert heimili í sveitarfélaginu og birt á heimsíðu Bolungarvíkurkaupstaðar.	12. gr.	Velferðarráð	Fyrripart árs 2020